

Hvað er leiðtogi í leiðtogasamfélagi?

Leiðtogi í leiðtogasamfélagi byggir forystu sína á tilfinningagreind. Upphafið að hugtakinu tilfinningagreind má rekja til fræðimannsins Edward Thorndike sem kom fram með hugtakið félagsgreind í kringum 1920. Hann setti fram þá kenningu að félagsgreind hefði áhrif á getu fólks til að lynda við aðra og takast á við aðstæður þar sem samskipti eiga sér stað.

Í kringum 1940 setti sálfræðingur að nafni Abraham Maslow fram líkan sem nefnist þarfapýramíðinn. Kenning hans er enn notuð í dag til að skilja mannlegar þarfir eins og hvatningu og hvernig þróun og hegðun einstaklinga á sér stað. Hugmynd Maslows byggir á að allar manneskjur hafi fimm meginþarfir en hver þeirra vegi misþungt. Grunnþörf allra manna séu þær líffræðilegu þarfir sem þarf til að halda lífi eins og matur, vatn, svefn og hlýja. Næst komi svo þörfin fyrir öryggi, þörfin fyrir að vera elskaður, sjálfsöryggi og að endingu þörfin fyrir að njóta viðurkenningar.

Fimmta og síðasta þörfin sem Maslow skilgreinir, þörf fyrir viðurkenningu, er sú sem mest áhrif hefur á frammistöðu og velgengi einstaklinga. Hún tengist áskorunum og tækifærum sem nemendur takast á við og hefur því áhrif á hvernig til tekst. Þörf manna fyrir starfsframa og viðurkenningu er misjöfn og eins og tilfinningagreind þá er þessi þáttur á misháu stigi hjá fólki. Því er líklegt að einstaklingar með mikla þörf fyrir viðurkenningu leggi meira á sig til að ná árangri að því gefnu að öðrum þörfum sem á undan koma sé fullnægt (Maslow, 1987 og Chapman, 1995-2010).

Maður að nafni Wayne Payne var einn af fyrstu fræðimönnum til að setja fram hið eiginlega hugtak tilfinningagreind árið 1985. Kenning hans gengur út á að samfélagið hafi bælt niður tilfinningar fólks og að það sé uppspretta vandamála eins og fíknar, þunglyndis, veikinda, trúarlegs ágreinings og ofbeldis. Hann telur að fólk hafi ekki nægilegan skilning á eðli tilfinninga og hversu mikilvægur hluti þær séu í lífi hvers og eins. Með skrifum sínum vildi Payne meðal annars vekja athygli á mikilvægi tilfinninga og setja fram hugtök, aðferðir og verkfæri til að þróa tilfinningagreind (Troy o.fl. 2010 og Payne, 1985).

Einn þeirra fræðimanna sem fylgdu í kjölfarið með nýja skilgreiningu á hugtakinu var Daniel Goleman (1995) en hann hélt því fram að tilfinningagreind samanstæði af fimm meginþáttum. Það sem hann kom fram með umfram þá sem á undan komu er tenging hvatningar við tilfinningagreind. Líkan Golemans er því yfirgrípsmeira en til dæmis líkan Salovey og Mayer en hann taldi að það þyrfti víðari skilgreiningu en önnur líkön ná yfir. Eftir að hugmyndir hans litu dagsins ljós jókst umræðan um tilfinningagreind til muna og sú staðhæfing að tilfinningar hefðu áhrif á frammistöðu. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á hugtakinu meðal annars hvaða áhrif tilfinningagreind hefur á frammistöðu í starfi. Ein helsta ástæða þess að Goleman vakti athygli á tilfinningagreind er að hann taldi að henni væri að hraka og að einstaklingum gengi verr að hafa stjórn á tilfinningum sínum í dag en áður (Eypór Eðvarðsson, 2001 og Christie o.fl. 2007). Goleman (1995) vill meina að tilfinningagreind skipti jafnvel meira máli en greind í mörgum tilfellum og að kenna eigi börnum strax í æsku að 18 þroska og þróa með sér tilfinningagreind. Hann áréttar þó að tilfinningagreind ein og sér hafi ekki endilega allt um það að segja hvernig einstaklingum vegnar í lífinu því vitsmunagreind og aðrir þættir þurfi einnig að vera til staðar, það sé því samspil margra þátta sem stjórnar því hvernig til tekst (Richter, 2006).